

Fundargerð framkvæmdastjórnar Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

Númer fundar: 1103

Dagsetning: 3. mars 2026 klukkan 8:30

Staðsetning fundar: Álfabakka 16, Reykjavík.

Fundinn sátu: Helgi Þorsteinsson (HP), Íris Dögg Harðardóttir (ÍDH), Ketill Berg Magnússon (KBM), Nanna Sigríður Kristinsdóttir (NSK), Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir (RÖE), Sigríður Dóra Magnúsdóttir (SDM) og Brjánn Jónasson (BJ), sem ritaði fundargerð.

Efni fundarins

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð framkvæmdastjórnar HH frá 24. febrúar 2026 var tekin til umræðu og samþykkt samhljóða.

2. Fundir vikunnar

Umræður um fundi vikunnar hjá framkvæmdastjórn.

3. Aðsend erindi

Fjallað var um fyrirspurn frá Alþingi varðandi hlutfall erlends vinnuafls og íslenskukunnáttu starfsfólks. Svar við fyrirspurninni er í vinnslu.

4. Heyrnar- og talmeinstöð Íslands

Rætt var um fyrirhugaðan flutning Heyrnar- og talmeinstöðvarinnar til HH. Fulltrúar framkvæmdastjórnar munu fara á starfsmannafund í vikunni og ræða við starfsfólkið.

5. Heilsueflandi vinnustaður

Lögð var fram tillaga um að HH taki upp stefnu um heilsueflandi vinnustað. Hluti af því verkefni verði starfsmannaheilsuvernd. Ákveðið var að stofna þverfaglegan vinnuhóp sem koma á með tillögu til framkvæmdastjórnar um verkefnið.

6. Veikindahlutafall

Farið var yfir stöðuna á átaksverkefni um stuðningssamtöl tengt veikindafjarvistum sem samþykkt var að stjórnendur allra eininga taki við sitt starfsfólk í febrúar. Ákveðið var að framlengja verkefnið fram í miðjan mars og minna á verkefnið á fundi fagstjóra.

7. Sjálfbærnivegferð HH

Rætt var um stöðuna á sjálfbærnivegferð HH og vinnu starfshópsins.

8. Stofnun ársins

Farið var yfir helstu niðurstöður úr könnuninni Stofnun ársins og rætt um eftirfylgni. Ákveðið var að fela stjórnendum allra eininga að kynna niðurstöðurnar fyrir sínu

starfsfólki og ákveða í framhaldinu markmið um úrbætur. Einnig var ákveðið að halda sérstakan fund framkvæmdastjórnar þar sem sett verða markmið um úrbætur.

9. Fundur LH í Kaupmannahöfn

Umræður um skipulag tengt fundi Landssambands heilbrigðisstofnana í Kaupmannahöfn.

10. Stafræn heilsa

Upplýst var um umræður á fundi um Stafræna heilsu.

Aðgerðir og verkefni

- Svara þarf fyrirspurn frá Alþingi, sjá lið 3.
Ábyrgð: KBM
- Hitta þarf starfsfólk HTÍ á starfsmannafundi, sjá lið 4.
Ábyrgð: SDM, KBM
- Setja þarf á laggirnar vinnuhóp um heilsuefandi vinnustað, sjá lið 5.
Ábyrgð: KBM
- Kynna þarf framlengingu á átaksverkefni um stuðningssamtöl á fundi fagstjóra, sjá lið 6.
Ábyrgð: RÓE, NSK, ÍDH
- Halda þarf áfram vinnu við sjálfbærnivegferð HH, sjá lið 7.
Ábyrgð: KBM
- Ræða þarf við stjórnendur eininga og aðstoða við að kynna niðurstöður úr Stofnun ársins og setja af stað markmið um úrbætur, sjá lið 8.
Ábyrgð: KBM
- Undirbúa þarf fund framkvæmdastjórnar um niðurstöður úr Stofnun ársins, sjá lið 8.
Ábyrgð: KBM

Fleira ekki gert, fundi slitið klukkan 10:15.